

Kennsluáætlun 2023-2024

8. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennari: Lára Björk Sigurðardóttir

Markmið:

- getur gert grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt þær, hlustar af þolinmæði, með athygli og skilningi á samræður annarra, og tjáir sig frammi fyrir skólafélögum sínum.
- getur endursagt efnið á skipulegan hátt, munnlega eða skriflega og nýtir sér glósur.
- skilur mikilvægi læsis og getur fundið afþreyingarefni við sitt hæfi.
- eykur orðaforða sinn og lesskilning með margvíslegum lestrarverkefnum.
- þekkir grunnhugtökin í umfjöllun um skáldsögur, t.d. boðskapur, aðal- og aukapersónur, tími, umhverfi.
- þjálfast í mismunandi lestri, leitarlestri, yfirlitslestri, hraðlestri og nákvæmnislestri.
- getur lesið almenna texta með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað.
- þekki mun hefðbundinna og óhefðbundinna ljóða, les og ræðir valdar vísur og ljóð.
- þekki hugtökin rím, stuðlar, braglína, endurtekning, persónugerving og líking.
- getur flett upp í og nýtt sér handbækur, orðasöfn og rafræna orðabanka.
- getur greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta.
- getur lesið texta við hæfi með góðum hraða, a.m.k. 130 orð á mínútu.
- þekki flestar stafsetningarreglur og hefur náð nokkurri færni í greinamerkjasetningu.
- þjálfast í uppsetningu og frágangi á eigin texta, m.a. bréfum, umsóknum, ritgerðum o.fl.
- getur skipt texta í setningar, málsgreinar og efnisgreinar af nokkru öryggi og skrifar útdrætti, endursegir og skrifar skilmerkilega um eigin reynslu, hugsanir og tilfinningar.
- þjálfast í að taka glósur í námi sínu og hefur tileinkað sér persónulega og læsilega rithönd.
- getur valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá.
- áttar sig á flokkun í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og í hverju flokkunin felst og þekkir einkenni hvers flokks fyrir sig.

Kennsluáferðir/vinnulag:

- Einstaklingsvinna
- Para- og hópavinna
- Unnið eftir vikuáætlunum
- Leiðsagnarnám

Námsmat:

- Lesfimi í september, janúar og maí (lesfimiviðmið við lok 8. bekkjar eru 130 orð/mín).
- Orðarún – lesskilningspróf
- Símat
- Kannanir og próf
- Leiðsagnarmat
- Virkni og vinnubrögð í tímum

Námsgögn:

- Málið í mark – Fallorð
- Gullvör
- Neistar
- Útbrot
- Ritunarbókin
- Námsvefir o.fl.